

TVÆR MERKAR SÝNINGAR


Eitthvað virðist nú bjartara yfir sýningarhaldi en fyrr í þessum mánuði. Tvær sýningar, báðar athyglisverðar, hófu göngu sína um síðustu helgi. Á Kjarvalsstöðum sýna fimm myndlistamenn félagarnir Kees Visser, Kristinn Harðarson, Ólafur Lárusson, Magnús Pálsson og Þór Vigfússon. Í Norræna húsinu sýna svo Bragi Asgeirsson og Sigurður Orn Brynjólfsson.

Þótt ekki megi ég vera of heimtufrekur sakna ég þriðju sýningarinnar. Sunnudaginn 18. varð Svavar Guðnason sjötugur. Mikið hefði verið gaman að sjá eina góða yfirlitssýningu á verkum þeirrar kempu í tilefni af deginum. Reyndar hef ég lengi beðið eftir slíku sýningu á verkum Svavars og alltaf fundist tilefni næg. Vonandi verður úr þessu bætt á næstunni, svo yngri kynslóðum auðnist að sjá verk þessa brautryðjanda nútímalistar í öllu sínu veldi. Ég


mergjá eðli málverksins eru áberandi þættir í verkum hans.

Í verkum Kristins Harðarsonar eru það teiknihæfileikarnir sem mest eru áberandi. Þótt Kristinn noti einnig ljósmyndir sem undirstöðumíðil finnst mér grafskt eðli verkanna komi best fram í óreglulega samsettum smámyndum hans af detalljum (úrdráttum) kringum stórar teikningar af atburðum. Viss epísk frásagnargleði einkennir þessar myndir Kristins. Þó gæti í mörgum myndanna löngunar til að þverbrjóta fagurfræðileg gildi teikningarinnar.

Framlag Magnúsar Pálssonar er byggð á kenningum gríska stærðfræðingsins Pýtagorasar. Þetta eru gipsplötur með upphleyptum eða ígreiptum tölum úr talnaspeki stærðfræðingsins. Miði við enda verksins skýrir út hugsunina sem að baki því felst. Þessir skulptúrar undirstrika stöðu Magnúsar sem einhvers



Frá sýningu nýlistarmanna að Kjarvalsstöðum.



Bragi Asgeirsson og Sigurður Ó. Brynjólfsson sýna í Norræna húsinu.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

óska Svavari til hamingju og vona að hann haldi lengi áfram að festa ótraudur sína tæru liti á strigann.

Falleg sýning

Sýning fimm menninganna á Kjarvalsstöðum er þrýðilegt yfirlit yfir hina ýmsu og ólíku strauða sem flokkaðir hafa verið undir nýlist. Hver um sig hefur sinn persónulega stíl en öllum er það sameiginlegt að þeir fást við myndlist á óhefðbundin hátt.

Kees Visser er Íslendingur kunnur fyrir starfsemi sína í Lóu, galleríinu í Amsterdam. Við það vann hann ásamt konu sinni Rúnu sem nýlega sýndi í Suðurgötu 7. Myndir Kees eru afar finlega unnar og bera vott um næma tilfinningu í litskynjun. Kannar hann með nýstárlegum aðferðum möguleika málverksins og notar m.a. fléttur úr ólíkum pappír svo sem dagblöðum og hundráðkrónuseblum í verk sín. Rökræn hugsun og vilji til að kryfja til

frumlegasta hugsuðar Íslenskrar nýlistar.

Verk Ólafs Lárussonar sýna vaxandi styrk hans sem myndlistarmanns. Ljósmyndaverk Ólafs sem unnin eru úr 16mm kvikmynd og raðað er tveim og tveim utan um spegla, heila eða brotna, eru ákaflega sterk. Mér liggur við að segja að í þessum myndum felist viss aggressivitet. Sama má segja um myndröð hans undir brotnum glerjum, sem er mjög heilsteypt verk. Það er eitthvert sjálfsprottið tilfinningaríki í þessum verkum Ólafs, sem höfðar beint til áhorfandans.

Lestina rekur Þór Vigfússon. Tuttugu og fjórir teningslaga kassar málaðir í sex litum bera vott um minimalíska aðferð þórs. Með mismunandi röðum kassanna, þannig að mismunandi litir hlíðar þeirra snúa saman, finnst manni að um miklu fleiri liti sé að ræða. Ólík staðsetning flatanna gagnvart lýsingunni gerir að verkum að sami litur fær allt annan blá.

Sama hugsun er fób málverka sem hanga á veggnum þetta eru einföld verk útfærð á snjallan hátt.

Þessi sýning er ákaflega falleg og inspirerandi. Hún er gott dæmi um hve heilsteypt sýning getur verið þó að um ólíka listamenn sé að ræða

Tveir góðir í Norræna húsinu

Bragi Asgeirsson var fyrsti kennari Sigurðar Arnar Brynjólfssonar í Myndlista- og handíbaskólanum. Nú sýna þeir saman, „kennari“ og „nemandi“ í Norræna húsinu. Er þetta þriðja einkasýning Braga í því húsi en fyrsta einkasýning Sigurðar Arnar.

Sýning Braga er tileinkuð börnum á barnaári. Líkt og á fyrri sýningum blandar Bragi saman nýju og eldri myndum sínum. Á þessari sýningu finnst mér þessi blanda koma ágætlega út og betur en þegar Bragi sýndi með Sverri Haraldssyni. Þá voru eldri myndirnar of yfirgnæfandi.

Þróun Braga er hæg en markviss. Nýjustu myndir hans sýna að hann er orðinn meistari þess miðils sem hann hefur kosið sér. Með mikilli tilfinningu fyrir rúmtaki og litum raðar hann þeim hlutum sem hann finnur í náttúrunni eða annars staðar, í myndir sínar. Með einhvers konar fernishlaupi frýstir hann svo hlutina eða limir þá í flötinn. Myndbygging Braga er gjarnan symmetrisk eða miðlæg og er spennan í myndum hans því frekar fólgin í þeim óvæntu hlutum sem hann festir á flötinn. Myndmál hans má rekja beint til surrealismans, þar sem hlutirnir öðlast annað og nýtt líf í nýju samhengi þá leyfir Bragi oft hlutum að vera í því samhengi sem hann finnur þá í. Þetta er áberandi í „fjörmyndum“ hans (Upprás nr 15) og (Sópyngju nr.2)

Þær myndir sem mér finnst sterkastar eru þær sem gæddar eru þessu surrealíska myndmáli, þar sem það helst í hendur við einfalda en hnitmiðaða komposísjón. Í þeim flokki eru Bónði (nr. 5) og Þögn (nr.4) Með þessum verkum finnst mér Bragi vera að þróast í átt til mun dýpri átaka við myndefnið.

Sigurður Orn er ókryndur konungur á sínu sviði. Skrýtlur hans og myndasögur eru tvímælalaust það besta sem gert er í þessum efnum á Íslandi. Ísmeygileg myndni hans blandin sterkri ádeilu nýtur sín einkar vel í liprum og öruggum teikningum hans. SÖB vinnur margar myndir um eitt þema, t.d. stórt fótspor innan um mergð smáfólks (Hvar er Gulliver nr. 41 og Fall einræðis-herrans nr. 5) Tálkun Sigurðar á mergð smáfólks sem táknar væntanlega varnarleysi smælingjanna eða andvaraleysi höpsálarinnar, er uppstaða í mörgum myndum hans. Seríurnar „Prestarnir gera það líka“ og „mökkpudýrin“ eru frábærar þjóðfélagsádeilur.

Sýningin gefur góða mynd af þróun Sigurðar og vaxandi hæfni hans. Það er sorglegt að vita til þess að Sigurður þurfi að hafa ofan af fyrir sér með auglýsingateiknun, þar sem lítið rúm er fyrir persónulega túlkun. Vonandi á hann einhvern tíma eftir að geta helgað alla kräftefna sína teiknimyndagerð og verður mikill fengur að fá kvikmynd frá honum.

Af nýjum hljómplötum:

ROKK OG AFTUR ROKK

Joe Jackson — I'm The Man

Joe Jackson er 24 ára gamall nýbylgjupólkari, sem fyrst vakti á sér verulega athygli í byrjun síðastliðins sumars, þegar lag hans Is She Really Going Out With Him? fór í stórum stökkum upp bandaríska vinsældarlistann. Það lag var tekið af fyrstu plötu hans, Look Sharp. Nýlega kom út önnur plata Joe Jacksons, sem hann kallar I'm The Man.

I'm The Man hefur að geyma 10 lög, sem öll eru eftir Jackson, en hljómsveit hans — Gary Sanford gítarleikari, Dave Houghton trommari og Graham Maby bassaleikari — á sinn þátt í útsetningunum.

Tónlist Joe Jacksons er svo sem fyrir hefur komið fram nýbylgjupólk, og minnir um margt á æðstaprest þeirrar stefnu, Elvis Costello. Þetta kemur einkum fram í söng Jacksons, en einnig í uppbyggingu og útfærslu laganna sjálfra. En þetta þýðir þó ekki að Joe Jackson sé ekkert nema stæling á Elvis Costello, þó svo kunni að virðast við fyrstu heyrn. Og Joe Jackson stendur í ýmsu framar Costello, t.d. í textagerð. Textar Costellos svifa yfirleitt í lausu lofti og fjalla í senn um allt og ekki neitt (sumir telja þetta Costello til lofs), á meðan textar Jacksons eru flestir markvissir og oft bregður fyrir ágætum húmor ss í laginu um Geraldine og John:

Geraldine and John
See the happy couple — so inseparable
And the beat goes on
And for better or for worse
They are married but of course
Not to each other

A I'm The Man eru nokkur lög sem búast má við að eigi eftir að

Rómantísk vikulok

Menn fóru ekki varhluta af blessaðri rómantikinni á sífóniutónleikunum fyrir viku. Þeir hófust á hinum geðþekka forleik alnafna míns að Nýársnóttinni, sem hann samdi fyrir sýningu hennar við opnum Þjóðleikhússins 1950. Einhverjum þykja kannski álfalögin alþekktu koma eins og skollinn úr saubarleggnum innanum annað.

En sú er víst skýring á því, að leikstjórnin Indriði Waage, dóttursonur gamla Indriða, höfundar Nýársnæturinnar, óskaði þess svo eindregið, að Arni lét til leiðast. Enda eru þetta algeng og oft ágæt vinnubrögð. Síðan kom Sinfónía nr.2 eftir



Eyrna lyst


eftir Arna Björnsson

samlanda og samtíðarmann Edvards Grieg, Johan Severin Svendsen (1840-1911). Hann stundaði nám í Leipzig 1863-67 og lék síðan með hljómsveit Musards í París og sem konsertmeistari hjá Euterpe í Leipzig, en hann var fiðlungur góður. Hann var hljómsveitarstjóri við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn 1883-1908.

Svendsen leitaðist eins og Grieg við að skapa sérnorskan tón í sínum sífónísku verkum, en áhrif hinnar þýsku sífóníktur eru þó ætíð mjög svo yfirgnæfandi. Í þessari fallegu sífóníu er það einna helst í þriðja kaflanum, sem við verð-

um auðheyrrilega vör við norska tónfallið.

Síðast kom svo pianókonert nr 2 eftir Sergei Rakhmaninoff (1873-1943) sem er eitt fárra verka þessa rússneska pianósnillings, sem allt ætlar að standa af sér. Hann er saminn 1900-01, þegar Rakhmaninoff hafði náð sér eftir fyrra deyfðartímabil sitt. Hann er einnig í síðrómantískum anda, og raunar þykir flestur sem Rakhmaninoff hafi ekki náð öllu lengra, heldur farið að endurtaka sig. Hann fékk viðurnefnið „d-moll tónskáldið“. Hann yfirgaf heimaland sitt eftir byltinguna 1917 og bjó einkum í Bandaríkjunum síðustu 25 árin.



Rögvaldur Sigurjónsson

ljúfa löð að lokum. Nema hvað. Maður fór á þessa mynd mest til að skoða nýja bíóið, en jafnvel á þeim árum var þetta of væmið. Hinsvegar var klassísk tónlist þá að byrja að skjóta rötum í manni, og þar sem ég átti þá hvorki græjur né plötur, fór ég aftur að sjá myndina vegna hljómlistarinnar.

Ekki varð vart við nein þessleg tilfinningaátök milli Karstens Andersen og Rögvalds Sigurjónssonar, heldur ágætis jafnvægi. Röggi segir í endurminningum sínum, að allt hafi lent í handaskolum, þegar hann lék þennan konsert með Bohdan Wodiczko árið 1971. Hvað skyldi hann segja um þessa hljómléika í 3. bindinu? Það er ekki víst, að flytjendum og áheyrendum finnst ætíð hið sama. Kannski meira um endurminningar Rögvalds seinna.

Fúsi

Varla er hægt að segja annað en Sigfús Halldórsson sé líka rómantískur og semji einkum lög við þvillka texta. Enda er hann ómótstæðilegastur í sínum ljúflingslögum.



Sigfús Halldórsson.

Hinsvegar er ekki nema vonlegt, að Sigfús langi stundum til að búa til eitthvað „stórbrotið“ með víðu tónsviði. Þá er hann mun mistækari. Og ekki bætir úr skák þegar miklir einsöngvarar „ganga á lagið“ og sperra sig uppi hástert, þar sem færi gefst. Það skemmir enn meir samræmi ljóðs og lags.

Þetta misræmi birtist stundum einkar skýrt á hinum verðskuldudu tónleikum, sem Tónlistarfélagið efndi til á laugardaginn vegna sextugsafmælis Fúsa. Það leyndi sér t.d. ekki, hvað Guðmundur Guðjónsson fór best með lagið Afadrengrum, af því þar var ekki um neina hetjutenórstilburði að ræða. Það var sömuleiðis fjarska óáheyrrilegt, þegar Garðar Cortes og Ólóf Harðardóttir enduðu Við eigum samleið á fullu, svo að jafnabí við Wagner. En þau fóru vel saman á sviði.

Stöku sinnum getur þetta þó átt við í lögum Sigfúsar eins og í dag. Þar hefi Garðar jafnvel mátt ganga enn lengra í leikrænum tilbúðum vegna þeirra geðsveiflna, sem kvæðið lýsir. En hann gerði vel það, sem

fremja mátti með raddbeitingunni einni.

Það er annars mjög umdeillegt, hversu langt söngvarar eiga að ganga í látbragðsleik á konsert. Og oft virðist togast á í þeim leiklögum og hlédrægni. Stundum slá þeir út örnumum við tiltekna ljóðlinu, en þess á milli er sem þeir viti ekki, hvað þeir eigi að gera við hendurnar á sér. Verður þetta ósjaldan hálfvandráðalegt.

Auk þess sem þegar er nefnt, var best farið með Litlu fögru ljúfu vinnu af þeim Ólöfu og Garðari svo og Við Vatnsmýrina af Snæbjörgu Snæbjarnardóttur, og kom það skemmtilega á óvart, þar sem maður bjóst við einhverskonar Mariu Callas stíl.

Það er með Sigfús eins og fleiri góða söngvasmiði, að sum ljóð verða varla séð eða heyrð lengur án þess að lögin hans taki að óma í hausnum. Þetta getur jafnvel átt við um einstaka bletti á landinu. T.d. gengur maður varla svo um Vatnsmýrina, að lagi og ljóði skjóti ekki upp. Hinsvegar hvarflar lagið við Austurstræti aldrei í hugann, hversu oft sem um þá götu er arkað.

Maður hálsaknaði sumra sigldra dægurlaga, svo sem Er sumarið kom yfir sænn, sem mér þykir alltaf laga sættast án þess þó að vera vitund væmið. Kristinn Hallsson bætti þetta svollitð upp með því að láta allan salinn standa upp og syngja Litlu fluguna með sér.

P.S. Innilegar þakkir til allra þeirra sem óskuðu mér góðs bata í hörmungum mínum undanfari. Nú er ég að hugsa um að skrifa bók, sem á að heita Ný eyru.